

L Ö G

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það, sbr. 2. tölul. 15. gr.

2. gr.

15. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað 2. tölul. komi tveir töluliðir svohljóðandi:

2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og eiga ekki lögheimili hér á landi en hafa átt það, sbr. 3. tölul. 1. gr. Skulu þeir færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Íslenskur ríkisborgari, sem ekki hefur átt lögheimili hér á landi síðastliðin átta ár, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag, skal þó tekinn á kjörskrá samkvæmt sérstakri umsókn um það. Umsóknin skal send Hagstofu Íslands og rituð á eyðublað sem hún lætur í té. Skulu umsóknareyðublöð liggja frammi á Hagstofunni, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiræðisskrifstofum og í skrifstofum kjöræðismanna. Í umsókn skal koma fram fullt nafn og kennitala umsækjanda, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili hér á landi og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Sé umsókn fullnægjandi tekur Hagstofan umsækjanda á kjörskrárstofn í því sveitarfélagi er hann átti síðast lögheimili og tilkynnir sveitarstjórn svo og umsækjanda sjálfum. Ákvörðun um að maður sé þannig tekinn á kjörskrá gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum á eftir að umsókn var lögð fram.

3. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili hér á landi 1. desember næstan á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en hafa síðan eignast lögheimili í sveitarfélaginu, enda eigi ákvæði 2. tölul. þessarar greinar ekki við um þá.

b. Í stað „1. og 2. tölul.“ í 1. málsl. 3. tölul., er verður 4. tölul., kemur: 1.–3. tölul.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.